

2022

ÁRSSKÝRSLA



BÜSETI
40 ÁRA

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	2
Sjálfbærni, samfélag og umhverfi	4
Félagsmenn, starfsfólk og stjórn	8
Eignasafn Búseta og eignaumsjón	10
Fjölgun í eignasafni	14
Naustabryggja 9 og 11	15
Maríugata 7	16
Hallgerðargata 20	17
Eirhöfði 7	18
Búseti 40 ára	19
Fjárhagur, uppgjör og lykiltölur	20
Ársreikningur samstæðu 2022	25



Bjarni Þór Þórólfsson

Ávarp framkvæmdastjóra

Öruggt húsnæði forsenda velferðar

Húsnæðisöryggi er ein mikilvægasta forsenda velferðar hvernar fjölskyldu. Meginmarkmið Búseta er að byggja, reka og viðhalda íbúðarhúsnæði til langs tíma í þágu sinna félagsmanna. Félagið leggur sig fram um að sjá félagsmönnum fyrir hentugu húsnæði sem mætir ólíkum þörfum fólks, efnum og aðstæðum. Eftirspurnin eftir íbúðum Búseta er enda mikil, hvort sem um er að ræða nýbyggingarverkefni eða endursölu búseturéttá. Fjölbreytta flóru fasteigna er að finna á vegum Búseta í öllum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins eftir 40 ára starfsemi, en félagið fagnar stórafmæli á árinu 2023.

Búseti og fasteignamarkaðurinn

Í rekstri Búseta er lögð rík áhersla á umhverfisvitund og sjálfbærni og vekja nýbyggingar Búseta gjarnan athygli fyrir hönnun og vandað efnisval. Félagið leggur áherslu á að svara þörfum samfélagsins á hverjum tíma og hefur Búseti á síðustu árum staðið fyrir umtalsverðri fjölgun fasteigna á höfuðborgarsvæðinu. Í júní á þessu ári mun félagið afhenda 20 nýjar íbúðir við Mariúgötu í Urriðaholti í Garðabæ. Auk þess standa nú yfir framkvæmdir við Hallgerðargötu 20 í Reykjavík þar sem félagið byggir 42 íbúðir í glæsilegu tvískiptu húsi með bílageymslu. Þá hefjast framkvæmdir innan skamms við Eirhöfða þar sem félagið mun byggja 47 íbúða hús á spennandi uppbyggingarsvæði á Höfðanum í Reykjavík.

Á íslenskum fasteignamarkaði hefur almennt litið reynst snúið að feta braut jafnvægis. Ýktar sveiflur eins og þær sem hafa birst okkur síðustu misserin eru dýrkeyptar og oftast ekki skortir langtímahugsun. Reynt er að hafa áhrif á stöðuna með hækkun stýrivaxta ásamt reglum um hámark veðsetningarhlutfalls og greiðslubyrðar fasteignalána. Þannig leitast Seðlabankinn við

að tryggja stöðugleika á fasteignamarkaði. Mikilvægur þáttur í lausn vandans er þó ekki síst aukið framboð á lóðum. Ýmsir hafa á það bent að flöskuhálsinn hefur legið í skorti á framboði lóða og hafa sum sveitarfélög haldið að sér höndum í þessum efnum. Aðgerðir Seðlabankans hafa áhrif á eftirspurnina en framboðshliðin er í raun stór hluti vandans. Skortur á framboði íbúðarhúsnæðis hefur m.ö.o. verið vandamál og stuðlað að áframhaldandi ójafnvægi um leið og verði er þrýst upp. Þetta skapar áhættu og vandamál sem við höfum séð kristallast síðustu misserin. Þegar fasteignamarkaðurinn þróast eins og sést hefur myndast mikil eftirspurn eftir búseturéttum. Það er svo að félagið hefur vart undan að fjölga íbúðum í safni sínu til að svara ákalli félagsmanna og sækja gjarnan tugir um hverja íbúð. Líkt og árin á undan hækkaði fasteignaverð talsvert á árinu 2022. Bókfært virði eignasafnsins eykst því með hækkandi fasteignamati, sem leiðir til þess að aukinn hagnaður birtist í bókum félagsins eins og árin á undan. Sem fyrr er rétt að minna á að þessi bókfærði hagnaður er fyrst og fremst tölur á blaði.

Samfélagsábyrgð og góðir stjórnarhættir

Á síðasta ári voru í heild seldir hjá félaginu 109 búseturéttir, af þeim 37 í nýjum íbúðum og 72 í eldri íbúðum. Þegar kemur að búsetuþörf leggur Búseti áherslu á að svara þörfum samfélagsins á hverjum tíma fyrir sig. Þess vegna er að finna mikla fjölbreytni í íbúðasamsetningu félagsins eftir fjörtíu ára starfsemi. Byggt á þessu leikur Búseti fjölþætt hlutverk á sviði fasteignamarkaðarins. Félagið hefur reynst fyrstu kaupendum góður kostur og mun leggja rækt við að viðhalda þessari stefnu. Búseti hefur einnig sýnt viðleitni þegar kemur að því að bregðast við breyttum þörfum hvað búsetuform varðar. Fjölskyldustærðir fara minnkandi og á sama tíma eykst fjölbreytnin í fjölskyldumynstrum. Færst hefur í aukana að þeir sem hafa hug á að minnka við sig leiti til Búseta. Til dæmis fólk sem lokið hefur þátttöku á atvinnumarkaði og horfir til minnkandi fjárbindingar.

Góðir stjórnarhættir leggja grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku. Eins og fyrri ár hlutu Búseti og Leigufélag Búseta viðurkenningar Creditinfo og Viðskiptablaðsins á árinu 2022. Sjálfbærni og umhverfisvitund ásamt góðum stjórnarháttum eru mikilvægir þættir í starfsemi Búseta. Til að varpa ljósi á þessa þætti í starfsemi félagsins á það samstarf við fyrirtækið Reitun sem metur sjálfbærnistöðu félaga út frá áhættu, stjórnun og árangri hvað varðar umhverfisfélags- og stjórnarhætti (UFS). Reitun hefur framkvæmt UFS-möt á öllum skráðum útgefendum skuldabréfa í íslenski Kauphöll síðan árið 2020. Niðurstaða slíkra úttekta er meðal þess sem horft er til við skuldabréfaútboð, t.d. meðal lífeyrissjóða sem vilja eiga samstarf við félög sem stíga fram með samfélagslega ábyrgum hætti. Búseti hefur viðhaldið góðri einkunn í niðurstöðum Reitunar og verið vel fyrir ofan meðaltal þegar niðurstaðan er borin saman við aðra útgefendur skuldabréfa. Í samræmi við lög um húsnæðissamvinnufélög lét Búseti vinna ýtarlega úttekt á árinu 2022 um fjárhag og starfsemi félagsins í samstarfi við endurskoðunar- og ráðgjafar fyrirtækið Ernst og Young (EY). Niðurstaðan var einkar ánægjuleg fyrir félagið sem varpaði ljósi á mikinn styrk þess og góða stjórnarhætti.

Á árinu 2022 stóð Búseti fyrir talsverðum endurbótum og viðhaldi á eignasafni sínu. Þessi verkefni voru í traustum höndum teymis eignasafnsfélagsins sem á gott samstarf við fjölbreyttan hóp verktaka. Samlegðaráhrif er lykilhugtak í öllum rekstri Búseta og er auðlindum ráðstafað af skynsemi með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi. Hjá Búseta er lögð áhersla á varfærni og nákvæma áætlanagerð um leið og unnið er að fjölgun vandaðra íbúða í anda stefnu og markmiða félagsins. Félagið stendur traustum fótum og hefur á liðnum árum vaxið um leið og stoðir hafa styrkst. Þetta byggir ekki síst á öflugri liðsheild og traustum mannauði og það ber að þakka. Búseti býður upp á mikilvæga leið á húsnæðismarkaði þar sem félagsmönnum býðst stöðugleiki og öryggi á síbreytilegum fasteignamarkaði.



Græn búseta

sjálfbærni, samfélag og umhverfi

Búseti vill vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Við erum með vistvænar áherslur í rekstrinum undir kjörorðinu Græn búseta.

Heimsmarkmiðin sem við höfum valið að vinna eftir eru:



Markmið Búseta í umhverfismálum grundvallast á eftirfarandi þáttum:



Heimsmarkmiðin í starfsemi Búseta

Hér má sjá áherslur Búseta í starfseminni og hvernig þau tengjast þeim heimsmarkmiðum sem við höfum valið okkur.

-Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar



Áherslur Búseta

- Vellíðan á vinnustað með góðum aðbúnaði, loftræsingu, lýsingu og næringu á vinnutíma
- Góður aðbúnaður í íbúðum Búseta með loftræsingu, hljóðvist og gæði í innviðum
- Samgöngustyrkur til þeirra starfsmanna sem velja annan samgöngumáta en einkabíl
- Styrkur til heilsubóta í formi búnaðar og/eða þjálfunar
- Árleg heilsuvika með heilsufarsmælingum og boði í bólusetningu við innflúensu
- Hvatning til þátttöku í Lífshlaupi og öðrum heilsueflandi landskeppnum
- Rafmagnshjól til notkunar fyrir starfsfólk á vinnutíma
- Áhersla á sjálfbærni

-Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði



Áherslur Búseta

- Fjölgun rafmagnsbíla í bílafloða Búseta
- Vottað rafmagn frá endurnýjanlegum orkulindum notað í starfsstöð
- Skipt yfir í LED lýsingu í starfsstöð
- Raffhleðslustöðvar settar upp við starfsstöð
- Raffhleðslustöðvum komið upp við nýbyggingar Búseta, leiguíbúðir og aðstoð veitt búsetufélögum við undirbúning og uppsetningu raffhleðslustöðva við eldri hús félagsins

-Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa



Áherslur Búseta

- Kynjajafnrétti á vinnustað
- Starfsfólki er veitt jöfn tækifæri í starfi, óháð búsetu og aðstæðum
- Félagsmenn Búseta fá jöfn tækifæri þegar kemur að umsóknum í búseturétti og úthlutun íbúða

-Gera borgir og íbúðahúsnæði öllum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær



Áherslur Búseta

- Leitast er við að kaupa umhverfisvænar byggingavörur í nýbyggingar, við endurbætur og viðhald fasteigna
- Heilnæmi efniviðar og líftímanálgun er leiðarljós við hönnun og efnisval
- Löggöð er áhersla á umhverfisvænan ferðamáta í formi samgöngustyrkja til starfsmanna
- Þátttaka í samkeppi um Grænt húsnæði framtíðar á vegum Reykjavíkurborgar
- Birting árs- og sjálfbærnisráslu á vefformi
- Samstarf við Reitun og Klappir við mat á skráningu umhverfis- félags- og starfshátta
- Starfsemin er kolefnisjöfnuð í samstarfi við Klappir og Kolvið

-Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð



Áherslur Búseta

- Mælum og fylgjumst með losunarkræfni starfseminnar og kolefnisjöfnum
- Vistvænar áherslur í innkaupum, s.s. í hreinlætisvörum
- Úrgangur er lágmarkaður
- Úrgangur frá starfseminni er flokkaður og enduruninn
- Sónun er lágörkuð, matarafgangar nýttir og engin óþarfa útprentun gerð
- Pappír sem til fellur er notaður í rissblöð
- Rekin er umhverfisstefna sem er leiðarljós í umhverfisvænleika og sjálfbærni starfseminnar




Fjölgun rafhleðslustöðva við eignir

Í nýbyggingum Búseta er gert ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla á bílastæðum eins og kveðið er á um í byggingarreglugerð en við gerum betur með því að huga að eldri byggingum félagsins.

Leigufélag Búseta setti á árinu 2022 upp hleðslustöðvar við þrjú af eldri húsum félagsins, að Berjavöllum, Hólmvaði og Litlakrika. Þá var settur upp tengibúnaður á bílastæðum við hús okkar við Austurkór og Kristnibraut í samstarfi við búsetufélögin, búseturéttarhöfum til eignaraukningar.

Búseti mun halda áfram þessari góðu vinnu á næstu árum og árið 2023 verður rafhleðslustöðvum komið upp við leiguhúsnæði okkar í Gvendargeisla, Þorláksgesla, Hraunbæ og Ásbrekku.

Við höfum lagt okkar af mörkum og komið ýmsu til leiðar í umhverfismálum á undanförunum árum. Hér má sjá nokkrar vörður. Með því að skanna QR kóðann má lesa tímalínu í heild sinni.







Búseti í hnotskurn



Búseti er húsnæðissamvinnufélag að norrænni fyrirmynd sem býður einstaklingum og fjölskyldum upp á íbúðir með áherslu á langtímahugsun og húsnæðisöryggi. Sjálfbærni er samofin menningu og starfsemi Búseta. Félagið er í eigu allra félagsmanna og jafnan opið öllum óháð aldri og búsetu. Félagið átti í árslok tæplega 1.200 íbúðir höfuðborgarsvæðinu og með 109 íbúðir í framkvæmd. Innan samstæðu Búseta er að finna Leigufélag Búseta sem leggur áherslu á að hlúa vel að leigjendum.

Félagsmenn og íbúar Búseta

Félagsmenn Búseta eru **5273** þar af eru 744 nýir félagsmenn



57,1 ár Meðalaldur íbúa í búseturéttaríbúðum



Starfsfólk

Hjá Búseta starfar átján manna samheldinn og skapandi hópur þar sem kynjaskipting er jöfn. Markmið Búseta er að hafa yfir að ráða hæfu starfsfólki sem skapar metnaðarfullt og jákvætt vinnuumhverfi. Fjölbreyttur bakgrunnur starfsfólks Búseta gerir vinnustaðinn skemmtilegan og lagt er upp úr að hlúa vel að starfsfólki. Starfsfólk Búseta er í góðu samstarfi við allmarga trausta verktaka sem starfa í þágu félagsins.



Stjórn

Stjórn og framkvæmdastjóri Búseta leggja áherslu á góða stjórnarhætti en þannig er lagður grunnur að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku.

Aðalstjórn

Jón Ögmundsson, formaður
Finnur Sigurðsson
Helga Eglá Björnsdóttir
Erna Borgný Einarsdóttir
Valur Þórarinsson

Varamenn stjórnar

Hildur Mósesdóttir
Gunnlaugur Magnússon

Endurskoðandi

Hólmgrímur Bjarnason,
löggiltur endurskoðandi
Deloitte ehf.



Stjórn ásamt Bjarna Þór Þórólfsyni framkvæmdastjóra




Horft inn eftir verðlaunagarðinum milli húsa Búseta við Einholt og Þverholt í Reykjavík

Enn bætast eignir í safnið

Félagið vinnur að hagsmunum núverandi og verðandi félagsmanna og tryggir umsjón, viðhald, endurnýjun og fjölgun fasteigna með hagkvæmum hætti. Með því að gerast félagsmaður í Búseta geta áhugasamir eignast búseturétt í fjölbreyttri flóru fasteigna sem er að finna í öllum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.

Sala búseturéttta og útleiga leiguíbúða


Eftir fjörug ár hægði á framboði endursöluíbúða og íbúða í nýbyggingum árið 2022. Að meðaltali fluttu 11 íbúar á mánuði inn í íbúð hjá Búseta og Leigufélagi Búseta, en voru 19 að meðaltalið árið 2021.




Staðsetning íbúða

Búseti á íbúðir í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem endurspeglar fjölbreytileikann, ekki síður en íbúðagerðirnar. Með nýbyggingarframkvæmd við Maríugötu og Hallgerðargötu og húsum Búseta við Naustabryggju 9 og 11 telur eignasafn Búseta hátt í 1300 íbúðir.

Póstnúmer og sveitarfélög



Íbúðagerðir





Bjarni Grétar Bjarnason er einn þeirra viðhaldsfulltrúa sem sinna viðhaldi og endurbótum fasteigna

Eignaumsjón


Viðhaldi og endurbótaverkefnum er sinnt af öfluggu teymi eignaumsjónar ásamt fjölmörgum traustum verktökum sem Búseti á gott samstarf við. Starfsmenn eignaumsjónar eru sex talsins.

Íbúaskiptum fylgja jafnan margvísleg viðhaldsverkefni og úttektir auk endurnýjana og verkstjórnar. Mjög hægðist á óskum um sölumeðferð á árinu og framboð endursöluíbúða fækkaði úr 101 í 72 eða um 29%, sem var í takt við kólnun á almenningum markaði. Að sama skapi fækkaði leigusamningum hjá Leigufélagi Búseta úr 35 í 26, sem er um 26% fækkun.

Verkbeiðnir

Þrátt fyrir að hægst hafi á sölu búseturéttta milli ára hefur eignasafnið stækkað sem kallar á aukin umsvif. Átak hefur verið gert í eftirfylgni og gagnavinnslu í gæðakerfi eignaumsjónar, sem tryggir rekjanleika upplýsinga og að eftirfylgd verkefna sé í föstum skorðum allt til verkloka. Betri tími hefur gefist til að sinna eignasafninu því þó verkum vegna íbúðaskipta hafi fækkað fjölgaði í öllum öðrum verkþáttum eignaumsjónar. Þá eignaðist Búseti 28 íbúðir í Naustabryggju 9 og 11 sem voru endurnýjaðar frá grunni.

Fjöldi og tegundir verkbeiðna



 **8,3%**

Aukning verkbeiðna milli ára



 **72**

Íbúðir sem voru endurnýjaðar árið 2022



Bjarni Þór Þórólfsson framkvæmdastjóri og Hlynur Örn Björgvinsson í verkstjórn bygginga-framkvæmda á verkstað nýbyggingar

Fjölgun í eignasafni

Á árunum 2018-2021 lauk Búseti byggingu 418 nýrra íbúða. Á árunum 2023-2025 munu 109 bætast við eignasafnið.

Póstnr.	Byggingarverkefni	Staða verkefna	Fjöldi íbúða
113	Ísleifsgata	Verklok 2018	18
105	Smiðjuholt	Verklok 2018	204
103	Skógarvegur	Verklok 2019	20
107	Keilugrandi	Verklok 2020	78
109	Árskógar	Verklok 2021	72
110	Beimabryggja	Verklok 2021	26
210	Maríugata	Verklok 2023	20
105	Hallgerðargata	Verklok 2024	42
110	Eirhöfði	Verklok 2025	47
			Samtals 527 íbúðir

Hvað skiptir máli þegar Búseti byggir?

Lykilatriði í uppbyggingarverkefnum Búseta er að velja aðferðir og byggingarefni sem standast tímans tönn. Hérlandis er það tiltölulega óvanalegt að byggingaraðili fylgi byggingum eftir sem rekstraraðili en slík er raunin hjá Búseta. Einnig er unnið markvisst að deililausnum og hönnunarútfærslur eru samnýttar og betrubættar jafnt og þétt milli byggingarverkefna. Því er til staðar sterkur hvati hjá félaginu að byggja hagkvæmt til langs tíma en félagið býr vel að áratugalangri reynslu í rekstri bygginga.

„Markvisst er unnið að deililausnum og hönnunarútfærslur eru samnýttar og betrubættar jafnt og þétt milli byggingarverkefna.“

Eitt það mikilvægasta í rekstri bygginga er að tryggja góða einangrun, loftgæði og heilnæma innivist en öll þessi atriði fylgjast að. Búseti notar sérstakan öndunardúk milli útveggjaeinangrunar og klæðningar í nýbyggingarverkefnum sínum. Dúkurinn varnar því að raki komist að steypunni sjálfri og dregur úr líkum á myndun kuldabráa. Það skiptir máli að vanda valið þegar kemur að innviðum fasteigna. Búseti leitast við að kaupa til nýbyggingarverkefna umhverfissvottaðar og endingargóðar vörur með líftímanálgun að leiðarljósi.



Naustabryggja afhent í árslok

Fyrstu 19 íbúðirnar í Naustabryggju 9 og 11 voru afhentar nýjum íbúum undir lok ársins. Húsið keypti Búseti af Byggingafélagi námsmanna um mitt ár 2022 og réðst í endurbætur á íbúðunum og snyrtingu á húsi og umhverfi. Áætlað er að íbúðirnar 28 verði allar komnar í hendur nýrra íbúa með haustinu 2023.

Naustabryggja 9 og 11 eru fjögurra hæða lyftuhús í Bryggjuhverfi Reykjavíkur með 14 íbúðum hvort. Allar íbúðirnar eru 2ja og 3ja herbergja frá 66,3 m² að stærð til 80,9 m². Húsin voru hönnuð af Birni H. Jóhannessyni arkitekt F.A.I. og byggð árið 2002. Með kaupunum fjölga íbúðum Búseta í Bryggjuhverfinu. Fyrir á Búseti 26 íbúða hús við Beimabryggju 42 og voru íbúðirnar afhentar í september 2021.

Miklar breytingar eru fyrirhugaðar í Bryggjuhverfi Reykjavíkur og nágrenni. Í hverfinu sjálfu er gert ráð fyrir öðru bryggjutorgi sem myndar miðpunkt hverfisins, en umhverfis torgið er gert ráð fyrir að blöndun verslunar, þjónustu, skóla og íbúðarhúsnæðis. Þannig skapast vettvangur mannlífs og menningar innan hverfisins. Lögð er áhersla á að íbúar eigi aðgengi að sjónum til að njóta útsýnis og manngerðrar fjöru með þrepastöllum sem hægt er að setjast á. Hverfið býður upp á magnað aðgengi að útiveru umhverfis fjöru, sand, báta og bryggjur. Þá skemmir ekki fyrir að svæðið allt þykir sérstaklega skjólsælt fyrir ríkjandi norðan og suðvestan áttum og góðar göngu- og hjólaleiðir eru í hverfinu til nærliggjandi svæða á borð við Geirsnef og Elliðaárdal.



Frá afhendingu í desember 2022. Bryndís Odda tekur við lyklum af íbúð í Naustabryggju frá Valbjörku Ösp Óladóttur starfsmanni Búseta



Tölvuteiknuð mynd af framhlið hússins við Maríugötu 7 í Garðabæ

Allar íbúðir seldar við Maríugötu

Vel gekk að selja búseturéttina 20 við Maríugötu 7 sem settir voru í sölu í október 2022. Alls bárust 227 umsóknir frá 172 félagsmönnum.

Maríugata er staðsett í Urriðaholti, Garðabæ, hverfi sem hefur fyrst hverfa á Íslandi fengið vistvottun skipulags og er í mikilli uppbyggingu. Hugmyndafræði hverfisins er að íbúabyggð eigi að hámarka lífsgæði fólks í sátt við umhverfið og náttúruna.

Húsið stendur í jaðri hverfisins með fallega náttúru allt um kring auk útivistarsvæða og náttúruperla. Öll grunnþjónusta er til staðar í hverfinu og stutt í verslunar- og þjónustukjarna.

Bygging hússins er á lokastigi enda verða íbúðirnar afhentar nýjum íbúum í júní 2023. Fjórar tveggja herbergja íbúðir eru í húsinu, sjö þriggja herbergja, sjö fjögurra herbergja og tvær fimm herbergja, sem báðar eru á efstu hæð hússins. Bílskúrar fylgja átta stærstu íbúðunum og geymslur á jarðhæð hinum tólf.



Tölvuteiknuð mynd af bakhlið hússins

Vandað var til verksins frá upphafi og bera gæði hússins og íbúðanna þess merki. Húsið er klætt loftuðum áklæðningum og eru gluggar og svalahurðir úr áli og timbri. Allt parket og innréttingar í íbúðunum eru umhverfissvottuð og endingargóð. Þá hefur verið hugað að hljóðvist bæði varðandi hljóðstig innanhúss sem og á útisvæði vegna umferðar. Búseti óskar nýjum íbúum til hamingju með íbúðirnar.



Tölvuteiknuð mynd af framhlið hússins við Hallgerðargötu 20 í Reykjavík

Hallgerðargata á áætlun

Framkvæmdir við Hallgerðargötu 20 við Kirkjusand hófust seint á árinu en skóflustunga var tekin 19. október 2022. Um er að ræða tvískipta byggingu með bílarkjallara. Húsin verða staðsteypt og klædd að utan. Íbúðirnar eru fjölbreyttar að stærð og gerð, tveggja til fimm herbergja, allt frá 60 m² til rúmlega 140 m².

Í þessu verkefni felst samstarf milli Búseta og Brynju, sem er leigufélag á vegum Öryrkjabandalagsins. Í verkefninu byggir Búseti 37 íbúðir fyrir félagsmenn sína og 5 íbúðir fyrir Brynju. Íbúðir Búseta skiptast í 14 tveggja herbergja íbúðir, 12 þriggja herbergja, níu fjögurra herbergja og tvær fimm herbergja. Stíll húsanna rímar við útlit þeirra húsa sem fyrir eru og þau sem áformað er að byggja við Kirkjusand, samkvæmt gildandi skipulagi svæðisins. Gláma-Kím arkitektar eiga heiðurinn af hönnun húsanna við Hallgerðargötu 20 en þau samrýmast viðmiðum um algilda hönnun þar sem áhersla er á gott aðgengi fyrir alla. Um er að ræða lyftuhús og því hindrana-laust aðgengi að svölum og sérafnotareitum. Bílastæði í sameiginlegum bílageymslum fylgja flestum íbúðanna og þar eru möguleikar á tengingum fyrir rafhleðslu bifreiða. GG-verk mun sjá um byggingu hússins.



Tölvuteiknuð mynd af bakhlið hússins



Frá undirskrift samnings við GG-verk



Tölvuteiknuð mynd af framhlið hússins við Eirhöfða 7 í Reykjavík

Búseti byggir við Eirhöfða 7

Á Ártúnshöfðanum í Reykjavík eru að hefjast framkvæmdir sem munu gjörbreyta ásýnd þessa rótgróna atvinnu- og iðnaðarhverfis. Þar mun Búseti, í samstarfi við byggingaraðilann Sérverk, standa fyrir byggingu á 47 íbúða húsi við Eirhöfða 7.

Fjöldmenn íbúðabyggð mun rísa á höfðanum þar sem áður hafa verið bílasölur og iðnfyrirtæki. Á byggingarreitnum sem um ræðir verða samtals byggðar 148 íbúðir í fjórum húsum af fyrirtækinu Sérverki. Hönnuðir húsanna við Eirhöfða 7 eru ASK arkitektar og verður fyrsta skóflustunga tekin á næstu vikum. Í þessu nýbyggingarverkefni Búseta byggir félagið fimm íbúðir fyrir Brynju, leigufélag Öryrkjabandalagsins. Íbúðirnar verða fjölbreyttar að stærð og gerð. Um er að ræða sex hæða hús með tveimur stigagöngum sem áætlað er að verði tilbúið til afhendingar um mitt ár 2025. Gert er ráð fyrir að íbúar húss Búseta geti nýtt bílastæði við húsið ásamt bílastæðum í nærliggjandi bílastæðahúsi.

Vandað verður til verks frá upphafi til að huga að hringrásahagkerfinu og auka hagkvæmni. Húsið verður klætt að utan með ýmist sléttri áklæðningu eða báraðri. Útihurðar verða úr áli og gluggar úr áli og timbri. Parket og innréttingar í íbúðunum verða vönduð og endingargóð. Fullnægjandi hljóðeinangruð verður tryggð og í samræmi við kröfur um hljóðvist.

Mjög spennandi áform eru uppi með skipulag Ártúnshöfða og Elliðaársvogs samkvæmt rammaskipulagi svæðisins sem samþykkt var árið 2016 í kjölfar hönnunarsamkeppni. Hverfið er stærsta þróunar- og uppbyggingarsvæði Reykjavíkur þar sem iðnaður mun víkja fyrir uppbyggingu íbúðabyggðar. Í þessum borgarhluta er áætlað að rísi allt að 8.000 íbúðir og að þar muni búa allt að 20.000 íbúar. Á fyrstu uppbyggingarsvæðunum er gert ráð fyrir 3.500 íbúðum, tveimur grunnskólum og einum safnskóla í bland við blómlega þjónustu- og atvinnustarfsemi við Krossmýrartorg. Hryggjarstykki uppbyggingarinnar er meðfram fyrirhugaðri Borgarlínu sem liggur í gegnum mitt skipulagssvæðið. Krossmýrartorg stendur við Borgarlínuásinn sem liggur í gegnum miðju svæðisins. Við torgið verður menningarhús og fjölbreytt verslun og þjónusta.

40 ára afmæli Búseta

Á árinu 2023 fagnar Búseti stórafmæli, en húsnæðissamvinnufélagið var stofnað árið 1983 með norrænar fyrirmyndir að leiðarljósi. Saga félagsins er farsæl og komin góð reynsla á rekstrarformið. Á árunum þegar Búseti var að hefja starfsemina voru erfiðleikar á húsnæðismarkaði og efnahagsástand ótryggt, það stuðlaði á vissan hátt að stofnun félagsins. Á þessum tíma, líkt og nú, hækkuðu húsnæðislán einstaklinga og dró úr kaupmætti launa.

Jón Rúnar Sveinsson, fyrsti formaður Búseta, kynnti hugmyndir að stofnun húsnæðissamvinnufélags með blaðagrein vorið 1983. Þá hófst þróun sem leiddi til stofnunar Búseta. Hópurinn sem kom að því frumkvöðlastarfi sem fór þá af stað voru meðal annarra fyrrum námsmenn í Lundi í Svíþjóð, auk Jóns Rúnars, þeir Páll Gunnlaugsson arkitekt og Guðni A. Jóhannesson sem var kjörinn fyrsti formaður landssambands búsetufélaganna. Birna Þórðardóttir, Jón Ásgeir Sigurðsson, Ingi Valur Jóhannsson og Jón frá Pálmholti voru einnig mikilvirk í undirbúningsstarfinu ásamt Reyni Ingibjartssyni sem varð fyrsti framkvæmdastjóri Búseta.

Páll Gunnlaugsson var í fyrstu stjórn félagsins, frá 1984 og síðan formaður 1988-1994 og aftur 2003-2004. Hann þekkir því upphafsárin vel og hefur Páll verið fenginn til að vera formaður afmælisnefndar í tilefni stórafmælisins. Einstaklingarnir sem komu að stofnun Búseta áttu það margir sameiginlegt að hafa kynnst sænska húsnæðismarkaðnum, eins og áður segir. Eitt þeirra forma sem þau kynntust þar var húsnæðissamvinnufélagsformið sem var komin reynsla á í Svíþjóð.

Í tilefni stórafmælis verður gefin út bók um Búseta. Í bókinni verður farið yfir sögu félagsins í máli og myndum. Páll hefur grúskað í gögnum félagsins og tekið saman stiklur frá þessum árum, sumar byggðar á skjalfestum heimildum og aðrar á minni þeirra sem að undirbúningi koma. Ásamt Páli eru í afmælisnefndinni þau Ásdís Ingólfsdóttir og Reyni Ingibjartsson. Félagið á margar ljósmyndir og ýmis gögn frá þessum tíma og verður vonandi bæði fróðlegt og skemmtilegt að skoða hvernig þetta byrjaði allt. Auk útgáfu bókar verður settur upp sérstakur vefur með umfjöllun um helstu vörður í sögu félagsins. Þá verður haldinn sérstakur útgáfu- og afmælisviðburður í nóvember í tilefni stórafmælis. Þessi viðburður verður auglýstur síðar.



Frá afhendingu íbúða við Frostafold 20 í Reykjavík, sem var fyrsta hús Búseta



Vaxandi félag

uppgjör og lykiltölur

Rekstrarniðurstaða ársins endurspeglar styrk Búseta. Byggingarverkefni á vegum Búseta á síðustu árum hafa fært félaginu margvísleg verðmæti, ekki síst með aukinni flóru fasteigna sem félagsmönnum standa til boða á áhugaverðum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Nýbyggingarverkefni Búseta hafa staðist áætlanir hvað varðar tíma og fjárhag og standast tímans tönn þegar kemur að hönnun og útfærslu.

„Fjárhagur Búseta er traustur, virði eignasafnsins hefur aukist og skuldsetning er hófleg. Rekstur Búseta gekk vel á árinu 2022 og er heildarniðurstaða ársins í samræmi við áætlanir og væntingar.“


Starfshættir til fyrirmyndar

Frá árinu 2020 hefur verið gerð úttekt á starfsemi Búseta hvað varðar umhverfis- félags- og stjórnarhætti (UFS) í samstarfi við Reitun. Búseti fékk 77 stig af 100 mögulegum í UFS mati Reitunar í könnun sem var gerð nú á vordögum og byggir á uppgjöri síðasta árs. Það er vel ofan meðaltals í öllum flokkum í samanburði við aðra innlenda útgefendur skuldabréfa sem hafa farið í gegnum UFS greiningu hjá Reitun.


Í samræmi við lög um húsnæðissamvinnufélög lét Búseti vinna ítarlega úttekt á árinu 2022 um fjárhag, starfsemi og skuldbindingar félagsins í samstarfi við endurskoðunar- og ráðgjafarfirmir Ernest and Young (EY). Úttektir sem þessar snúa m.a. að því að varpa ljósi á að félagið sé sjálfbært til lengri tíma. Einnig felur slík úttekt í sér skoðun á útgreiðslum félagsins. Þannig er m.a. gengið úr skugga um að hjá félaginu sé ekki um að ræða útgreiðslu arðs eða hvers konar ígildi arðs. Niðurstaðan var einkar ánægjuleg fyrir félagið. Helstu niðurstöður eru þær að félagið viðhefur heilbrigða stjórnarhætti og stendur traustum fótum um leið og fjárhagsstaða þess hefur styrkst.

Lykiltölur úr rekstri


Heildareignir Búseta aukast um 21,3% á milli ára og hafa tvöfaldast á síðastliðnum fimm árum.



Eiginfjárhlutfall hefur aukist undanfarnin ár og var 46,1% í árslok 2022 sem sýnir styrk samstæðunnar.



Eftirfarandi súlurit sýnir þróun rekstrarkostnaðar samstæðu í samhengi við fjölgun eigna.





Búseti hsf.

Ársreikningur samstæðu 2022

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	25
Skýrsla stjórnar	26
Rekstrarreikningur ársins 2022	28
Efnahagsreikningur 31. desember 2022	29
Yfirlit yfir sjóðstreymi ársins 2022	30
Skýringar	31
Sundurliðanir	38

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Búseta hsf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Búseta hsf. fyrir árið 2022. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Búseta hsf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Búseta hsf.

Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 25/4 2023

Deloitte ehf.

Hólmgrímur Bjarnason
Hólmgrímur Bjarnason
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Búseta hsf. fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

